



Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 27. febrúar 2023

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (sérhæfð þekking), nr. 97/2002, 645. mál**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga (sérhæfð þekking), nr. 97/2002. Samtökin styðja frumvarpið og telja um tímabærar og jákvæðar breytingar að ræða. Samtökin vilja þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum til nefndarinnar um frumvarpið.

Líkt og samtökin hafa bent á undanfarin ár og í fyrri umsögnum sínum um þetta mál er þjóðhagslega og efnahagslega mikilvægt að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til Íslands en skortur á sérhæfðri þekkingu hér á landi er nú þegar hindrun í vexti hugverkaiðnaðar. Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar námu 239 milljörðum króna á síðasta ári samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands og eru vaxtataækifæri mikil til framtíðar. Hugverkaiðnaður er mjög fjölbreyttur en innan hans eru til að mynda fyrirtæki í upplýsingatækni, líftækni, heilbrigðistækni og tölvuleikjaframleiðslu. Auðlind hugverkaiðnaðar er mannauður og er áframhaldandi vöxtur í hugverkaiðnaði því háður framboði af sérhæfðri þekkingu og reynslu og aðgengi að mannauði. Samkeppni um hæft starfsfólk á milli landa er hörð og hefur aukist enn á síðustu árum af ýmsum ástæðum, svo sem vegna aukins hreyfanleika starfsfólks og aukinnar þarfar á sérhæfingu eftir því sem tækni fleygir fram. Samtök iðnaðarins gerðu könnun á meðal félagsmanna sinna, sem vitnað er til í greinargerð frumvarpsins, en byggt á henni er það mat samtakanna að ef vaxtaáætlanir í hugverkaiðnaði eiga að ná fram að ganga þarf að ráða í kringum 9000 sérfræðinga í fjölbreytt og oft mjög sérhæfð störf á næstu fimm árum. Ljóst er að mikið af þessari sérþekkingu mun þurfa að koma erlendis frá. Samtökin telja það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu, þ.e. að dreginn verði upp listi yfir þá sérþekkingu sem talinn er skortur á, ágætis nálgun. Þó er mikilvægt að hafa í huga að starfaflokkun ÍSTARF21 tekur ekki mið af vinnumarkaði framtíðarinnar og nær í raun ekki utan um þann fjölbreytileika sem einkennir störf í hugverkaiðnaði í dag. Í fyrrnefndri könnun SI var gerð tilraun til að áætla hvers konar sérfræðipekkingu um ræðir í dag og á næstu fimm árum en svörin voru með þeim hætti að ómögulegt er að hanna þröngan ramma. Því er mikilvægt að listinn verði leiðarvísir um tegund starfa og nýttur með tilliti til þarfa atvinnulífsins hverju sinni sem eru breytilegar frá einum tíma til annars, sérstaklega í tilviki hugverkaiðnaðar sem byggir oft á hraðri tækniþróun.

Samtökin leggja því til að Vinnumálastofnun verði heimilt að veita atvinnuleyfi vegna starfa sem krefjast sérhæfðrar þekkingar ef jafna má viðkomandi starf við störf sem finnast á starfalista ráðherra. Þetta yrði gert til þess að tryggja að ekki sé verið að hafna umsókn fyrir aðila sem sannarlega hefur sérþekkingu og tekur þannig á vandkvæðum sem felast í slíkum fyrirframákvörðuðum lista.



Samtökin lýsa yfir vonbrigðum með að ekki hafi tekist að finna flöt á því að liðka fyrir ferlinu með því að fella út kröfu um umsögn stéttarfélags en í frumvarpsdrögum í Samráðsgátt var tillaga þess efnis. Samtökin telja vel hægt að komast að niðurstöðu sem tryggir réttindi erlendra sérfræðinga en fjarlægir á sama tíma þetta flækjustig úr ráðningarferlinu. Umsóknarferli um atvinnu- og dvalarleyfi fyrir erlendan sérfræðing getur tekið um hálf t.ár í dag sem er alltof langur tími, bæði fyrir atvinnuveitandann og sérfræðinginn sem um ræðir. Hluti af þessu ferli er umsögn stéttarfélags. Eftir því sem samtökin komast næst setur ASÍ sig ekki upp á móti því að ferlið verði auðveldað með þessum hætti þar sem laun og önnur starfskjör eru með því betra sem gerist á vinnumarkaði í tilviki hugverkaiðnaðar. Því er umsögn stéttarfélags óþarfa flækjustig að mati samtakanna.

**SI leggja því til að bætt verði við frumvarpið nýrri 2. gr. samhljóða þeirri sem felld var úr frumvarpsdrögum sem birtust í Samráðsgátt þar sem Vinnumálastofnun fær lagalega heimild til þess að afla ekki umsagnar stéttarfélags eða landssambands launafólks í hlutaðeigandi starfsgrein ef stofnunin telur það óþarft.**

Samtökin þakka fyrir að fá að koma á framfæri athugasemdum sínum um þetta mikilvæga mál og óska eftir því að fá að koma fyrir nefndina til þess að lýsa sjónarmiðum nánar.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads 'Nanna Elísa Jakobsdóttir'.

Nanna Elísa Jakobsdóttir,  
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI